



Morgunblaðið, 19.07.2022, síðu 8
grein stærð: 152.99 sm²
grein hæð: 15.08 sm

Sveigjanleg starfslok fagnaðarefni

● Kjör lækna séu óbreytt eftir sjötugt

Siguður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Við fögnum þeirri grundvallarhugsun að gera starfslok lækna sveigjanlegri,“ segir Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélags Íslands. Sem kunnugt er boðar Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra nú að breyta lögum á þann veg að hámarksaldur fólks, sem starfar í heilbrigðisþjónustu hjá hinu opinbera, svo sem á sjúkrahúsum og heilsugæslu, verði 75 ár.

Lengi hefur gilt samkvæmt lögum að opinberir starfsmenn láti af störfum sjötugir að aldri, sama á hvaða sviði þeir eru. Með fyrirhugðum breytingum er hugsunin sú að mæta manneklu í heilbrigðisþjónustunni. Komist þetta í gegn gætu þeir lækna sem sjálfir kjósa, sem og hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og fólk í fleiri slíkum stéttum, unnið til 75 ára aldurs. Áframhaldandi störf yrðu þá jafnan á grundvelli nýs ráðningarsamnings, sem gerður yrði þegar fólk verður sjötugt. Tekið skal fram í þessu sambandi að talsvert er um að lækna starfi nokkuð fram á áttræðisaldurinn, svo sem sérfræðingar með



Steinunn
Þórðardóttir

eigin stofu-
rekstur. Læknar,
sem vilja halda
áfram til 75 ára,
verða að gangast
undir hæfnismat.
Lækningsaleyfi
helst til æviloka,
nema skv. sér-
stökum ráðstöf-
unum.

„Tillagan
mætti vera betur undirbúin, því
með öllu er óljóst hver kjör lækna
eigi að vera, kjósi þeir að starfa
áfram á aldrinum 70-75 ára,“ segir
Steinunn. Af hálfu Læknafélags Ís-
lands segir hún þá kröfu skýlausa
að lækna á þessum aldri njóti að
öllu leyti sömu kjara og þeir sem
yngri eru. Ekki sé þó ljóst í tillögu
ráðherrans, hvort slíkt sé tryggt.
„Eins vek ég athygli á því orðalagi
að vandinn í sérhæfðri sjúkráhus-
þjónustu tengist mest mönnum
hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.
Læknafélagið vill undirstrika að
vandinn felst ekki síður í mikilli
manneklu meðal lækna og mikil-
vægt er að ekki sé horft fram hjá
þeirri staðreynd í opinberri um-
ræðu,“ segir Steinunn Þórðardóttir.